

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og breytingu á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

1. gr.

Í 28. gr. laganna kemur ný málsgrein er verður 3. mgr.:

Viðskiptabanka er heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar að starfrækja verðbréfafyrirtæki er starfar samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði.

3. mgr. laganna verður 4. mgr. og orðast svo:

Að öðru leyti en um getur í þessari grein má viðskiptabanki ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra félaga.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

2. gr.

Í 32. gr. laganna kemur ný málsgrein er verður 3. mgr.:

Sparisjóði er heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar að starfrækja verðbréfafyrirtæki er starfar samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði.

3. mgr. laganna verður 4. mgr. og orðast svo:

Að öðru leyti en um getur í þessari grein má sparisjóður ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra félaga, sbr. þó 33. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. mars 1989.***Steingrímur Hermannsson.****Guðrún Helgadóttir.****Guðmundur Jónsson.**

(L. S.)

Jón Sigurðsson.